

2. gr.

2. og 3. mgr. 4. greinar reglugerðarinnar falli niður.

7

2. febr.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 2. febrúar 1944.***Björn Ólafsson.***Torfi Jóhannsson.***AUGLÝSING**

8

2. febr.

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Á tímabilinu frá 2. febrúar til 31. maí þ. á., að báðum dögum meðtöldum, geta íslensk og færeysk skip, sem flytja frystan eða ísvarinn fisk til Bretlands, fengið fyrstu og síðustu afgreiðslu í Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

Þessi undanþága gildir þar til öðruvísi verður ákveðið.

Fjármálaráðuneytið, 2. febrúar 1944.

F. h. r.

Magnús Gíslason.*Einar Bjarnason.*

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Markúsar Ívarssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. febrúar 1944. 9. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Markúsar Ívarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Markúsar Ívarssonar, og er stofnaður af vinum hans með frjálsum samskotum, samkvæmt stofnskjali.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 20000.00 og skal ávaxta sjóðinn á þann hátt, sem stjórn hans telur fulltryggilegan.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja myndlistarmenn með kaupum á málverkum, sem afhendast síðan málverkasafni ríkisins, í sérstaka deild, er beri nafn Markúsar